

Fundargerð

157. stjórnarfundur 23. Janúar, 2025 kl. 13:30 Vesturborg og Teams

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Hrannar Már Hafberg, Ingibjörg Sigurðarsdóttir og Stefán Guðnason.

Fundarritari: Stefán Guðnason

1. Fundargerðir síðustu funda
Fundargerðir síðustu funda samþykktar án mótmæla.
2. Opnir félagsfundir á vormisseri
Formaður kynnir hugmynd að því að halda opna félagsfundi. Þannig að félagsfólk geti fengið upplýsingar frá félaginu um þau málefni sem á þeim brennur hverju sinni. Nefndarfólk tók vel í hugmyndina og stefnt að því að keyra það af stað. Stefnt að því að vera með opna fundi um stigamatið og skrefið í samhengi við launaröðun til að byrja með. Einnig halda opinn fund um þau efni, sem brenna á starfsfólki vegna mögulegs samruna HA og Bifrastar. Haga síðan vali á fundarefni í kjölfarið eftir fyrirspurnum frá félagsfólki. Almenn umræða fylgdi í kjölfarið.
3. Önnur mál
Almenn umræða átti sér stað og fundi slitið 14:30